

SAMÞYKKT

um kattahald í Grundarfirði.

1. gr.

Kattahald í Grundarfirði sætir þeim takmörkunum sem greinir í samþykkt þessari.

2. gr.

Allir heimiliskettir í Grundarfirði skulu skráðir á skrifstofu bæjarins gegn greiðslu skráningargjalds og þar fá eigendur heimiliskatta afhenta plötu með skráningarnúmeri, heimilisfangi og símanúmer eiganda kattarins, sem alltaf skal vera í ól um háls dýrsins. Árlega skal, ef óskað er eftir, eigandi kattar framvísa vottorði dýralæknis um að kötturinn hafi verið hreinsaður af spóluormum.

Kattahald í dreifbýli sætir að öllu jöfnu ekki takmörkunum. Þó getur bæjarstjórn, telji heilbrigðisnefnd og héraðsdýralæknir brýna þörf á, takmarkað kattahald í dreifbýli.

3. gr.

Ef sótt er um leyfi til að halda kött í fjölbýlishúsi, skal umsókninni fylgja skriflegt samþykki allra eigenda íbúða í stigaganginum, svo og leigutaka, ef um leiguíbúðir er að ræða. Leigjandi þarf jafnan að framvísa samþykki leigusala síns.

4. gr.

Eigendur katta skulu gæta þess að kettir þeirra valdi ekki tjóni, hættu, óþrifnaði eða raski ró manna. Kattareiganda ber að greiða allt það tjón sem köttur hans veldur, svo og allan kostnað við að fjarlægja dýrið gerist þess þörf.

Eigendum og forráðamönnum katta ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma, t.d. með því að hengja bjöllu á ketti og eftir atvikum að takmarka útiveru katta.

5. gr.

Ekki má hleypa köttum inn í svæði þau, fyrirtæki og stofnanir, sem um ræðir í fylgiskjali 3 með reglugerð um hollustuhætti og inn á staði þar sem framleiðsla og dreifing matvæla fer fram, né inn í húsnæði vatnsveitna, sbr. reglugerð um neysluvatn og ölkelduvatn.

6. gr.

Leyfisgjald skal greiða árlega til bæjarsjóðs, eftir gjaldskrá sem bæjarstjórn setur, samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn við skráningu kattarins, og síðan árlega fyrirfram 1. mars ár hvert. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan eins mánaðar frá gjalddaga fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi.

7. gr.

Ef köttur hverfur frá heimili sínu skal eigandi eða umráðamaður gera ráðstafanir til að finna köttinn. Grundarfjarðarbær er heimilt að handsama ketti. Hafi kattarins ekki verið vitjað innan einnar viku skal honum ráðstafað til nýs ábyrgs eiganda eða hann aflífaður.

8. gr.

Bæjarstjórn Grundarfjarðar skal gera ráðstafanir til útrýmingar á villiköttum. Slíkar aðgerðir skulu auglýstar á áberandi hátt með a.m.k. einnar viku fyrirvara. Sé fangaðra katta ekki vitjað innan einnar viku, er heimilt að láta aflífa þá.

9. gr.

Með brot út af samþykkt þessari skal fara að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

10. gr.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Grundarfjarðar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 8. mars 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.